

# Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

## Minnisblað

Viðtakandi: Allsherjar- og menntamálanefnd.  
Sendandi: Skrifstofa orku-; iðnaðar og viðskipta.  
Dagsetning: 02.01.2019  
Málsnúmer: ANR19070179  
Bréfalykill: 04.01.10

Efni: 150. lgb. FIN - Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd (heimildir til rannsókna og framfylgdar).

### 1. Inngangur.

Minnisblað þetta er ritað vegna innsendra umsagna við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd (heimildir til rannsókna og framfylgdar), þingskjal 374 – 330. mál og frumvarp til laga um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd, þingskjal 375 – 331. mál á 150. löggjafarþingi 2019–2020. Efnislegar athugasemdir bárust ekki við síðarnefnda frumvarpið og lýtur minnisblaðið því að umsögnum við hið fyrrnefnda frumvarp.

Með frumvarpinu er lagt til að gera breytingar á ýmsum lögum á sviði neytendaverndar. Frumvarpið felur í sér innleiðingu á 9. og 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/2394 frá 12. desember 2017 um samvinnu milli landsyfirvalda sem bera ábyrgð á að framfylgja lögum um neytendavernd og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2006/2004. Miða breytingatillögurnar að því að tryggja að stjórnvöld sem fara með framkvæmd þeirra laga sem reglugerðin tekur til hafi þær heimildir til rannsókna og framfylgdar sem 9. gr., sbr. 10. gr. reglugerðarinnar gera kröfu um.

Allsherjar- og menntamálanefnd bárust alls fimm umsagnir um frumvarpið. Umsagnaraðilar eru Fjármálaeftirlitið, Fjölmíðlanefnd, Hagsmunasamtök heimilanna, Neytendastofa og Persónunvernd.

Í minnisblaðinu er farið yfir helstu athugasemdir sem gerðar voru við efnisatriði frumvarpsins og gerð grein fyrir afstöðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis til þeirra. Með tölvubréfi, dags. 3. desember 2019 óskaði allsherjar- og menntamálanefnd eftir upplýsingum um framkvæmd þegar aflétta eigi lögbanni og útskýringar á þörf fyrir ákvæði b-liðar 25. gr. a. sem lögð er til í a-lið 8. gr. frumvarpsins. Í minnisblaðinu er leitast við að veita umbeðnar upplýsingar. Umfjöllun í minnisblaðinu er skipt eftir greinarnúmerum frumvarpsins.

### 2. Ákvæði 1. gr. frumvarpsins.

#### 2.1. Umsagnir.

##### 2.1.1. Umsögn Neytendastofu.

Neytendastofa telur að ákvæði a-liðar 1. gr. frumvarpsins feli í sér verulega efnisbreytingu og að fella beri brott orðin „undir yfirstjórn ráðherra“. Mikilvægt sé að taka af tvímæli um hvort í breytingunni felist að ráðherra geti hlutast til um rannsóknir einstakra mála samkvæmt lögum um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011. Neytendastofa telji að á Nordurlöndunum sem og í öllum EES ríkjunum sé áhersla lögð á að hliðstæðir eftirlitsaðilar séu sjálfstæðir og að mikilvægt sé að sjálfstæði Neytendastofu sé tryggt.

##### 2.1.2. Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna.

Hagsmunasamtök heimilanna telja að fella beri brott b-lið 1. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að Neytendastofa ákveði hvort erindi sem berst gefi nægar ástæður til rannsóknar. Frávísunarheimild

hafi til þessa ekki verið fyrir hendi í lögnum. Þá kunni það að fara gegn rannsóknarreglu stjórnsluréttar að taka kvörtunarmál ekki til rannsóknar.

## 2.2. Afstaða ráðuneytisins.

Ráðuneytið er ósammála tillögu Neytendastofu um breytingar á a-lið 1. gr. frumvarpsins. Ráðuneytið bendir á að samkvæmt 1. gr. laga um Neytendastofu nr. 62/2005 er Neytendastofa ríkisstofnun sem skal meðal annars starfa að stjórnsluverkefnum á sviði neytendamála svo sem nánar er kveðið á um í lögnum. Í 1. gr. segir jafnframt að Neytendastofa heyri undir ráðherra. Í lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 segir að Neytendastofa fari með eftirlit samkvæmt lögnum í umboði ráðherra sem fari með framkvæmd laganna. Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga um Stjórnarráð Íslands fer ráðherra fer með yfirstjórn stjórnvalda sem hafa á hendi framkvæmd stjórnarmálefna er undir hann heyra, enda leiði ekki af lögum að stjórnvald skuli vera sjálfstætt gagnvart ráðherra. Ráðherra hefur því nú þegar stjórnunar- og eftirlitsheimildir gagnvart Neytendastofu samkvæmt lögum um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011. Með vísan til þess telur ráðuneytið ekki að ákvæði a-liðar 1. gr. frumvarpsins feli í sér efnisbreytingu á stöðu Neytendastofu gagnvart ráðherra. Ákvæðið felur hins vegar í sér að orðalag eldri laga frá árinu 2005 er fært til samræmis við nýrra orðalag í lögum um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011.

Ráðuneytið er ósammála tillögu Hagsmunasamtaka heimilanna um að b-liður 1. gr. frumvarpsins verði felldur brott. Ákvæði b-liðar 1. gr. er ein af lykiltillögum frumvarpsins um eftirlit Neytendastofu og er forsenda þess að ákvæði 6. gr. og 7. gr. frumvarpsins virki sem skyldi. Með ákvæði b-liðar 1. gr. frumvarpsins er Neytendastofu gert kleift að forgangsraða og sinna fyrst og fremst þeim verkefnum sem þykja brýnust. Markmiðið er að tryggja að Neytendastofa geti notað fjármagn og mannafla á sem skilvirkastan hátt og að stofnunin fái aukið svigrúm til útgáfu leiðbeinandi reglna og almennra leiðbeininga til fyrirtækja til að fyrirbyggja brot gegn lögnum. Fyrirmyndir ákvæðisins eru 3. mgr. 8. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og heimildir norræna systurstofnana til að ákveða hvaða mál eru tekin til meðferðar. Ráðuneytið bendir á að stjórnvöldum sem sinna opinberu markaðseftirliti ber skylda til að taka á móti ábendingum og erindum en er almennt ekki skylt að taka tiltekið stjórnslumál til umfjöllunar eða grípa til þeirra aðgerða sem krafist er. Sérákvæði um mat á tilefni til stofnunar máls felur að mati ráðuneytisins ekki í sér brot gegn rannsóknarreglu stjórnsluréttar.

## 3. Ákvæði 2.-3. gr. frumvarpsins.

### 3.1. Umsagnir.

#### 3.1.1. Umsögn Neytendastofu.

Neytendastofa bendir á að heiti IV. kafla geti gefið tilefni til að ætla að ákvæði kaflans taki til viðskiptahátta sem snúa ekki að neytendum og leggur til breytingar á kaflaheitinu. Þá leggur Neytendastofa til breytingar á heiti IX. kafla laganna.

## 3.2. Afstaða ráðuneytisins.

Ráðuneytið telur að athugasemdir í greinargerð með frumvarpinu og sjálft ákvæði 1. mgr. 13. gr. séu nægilega skýr um að ákvæðið nái til háttsemi sem er óhæfileg hagsmunum neytenda og að ákvæðið gildi um aðra viðskiptahætti en þá sem III. kafli taki til. Tilvísun til ósanngjarna samningskilmála sem Neytendastofa leggur til er óþörf að mati ráðuneytisins. Að öðru leyti eru ítrekuð þau sjónarmið sem koma fram í almennum athugasemdum og athugasemdum í greinargerð með 2. og 3. gr. frumvarpsins. Ráðuneytið tekur aftur á móti undir afstöðu Neytendastofu um að ný fyrirsögn IV. kafla geti haft nákvæmari skírskotun samanborið við nýja fyrirsögn III. kafla. Þetta á sérstaklega við þegar litið er til þess að 13. gr. laganna er meginregla. Ráðuneytið er ekki mótfallið breytingu á fyrirsögn IV. kafla og bendir á að fyrirsögnin geti verið: „Góðir viðskiptahættir, ofl.“.

Ráðuneytið er ekki mótfallið breytingum sem lagðar eru til á fyrirsögn IX. kafla laganna.

## 4. Ákvæði 6. gr. frumvarpsins.

### 4.1. Umsagnir.

#### 4.1.1. Umsögn Neytendastofu.

Neytendastofa bendir á að í frumvarpinu sé stofnunin sú eina sem ekki er lagt til að fái sátttaheimild. Neytendastofa telji ekki hægt að jafna erlendri framkvæmd á Norðurlöndunum og í öðrum nágrannaríkjum við framkvæmd íslenskra stjórnvalda. Sátttaumleitan hafi reynst vel í þeim ríkjum þar sem stjórnvöld hafi alla jafna ekki ákvörðunarvald sjálf heldur verði að leita til dómstóla. Íslensk stjórnvöld hafi hins vegar sjálf ákvörðunarvald og hægt að áfrýja ákvörðunum til áfrýjunarnefnda. Jafnframt hafi Neytendastofa lagt áherslu á að upplýsa atvinnurekendur um gildandi lagareglur. Þá bendi Neytendastofa á að sérákvæði um sátttaheimild sé að finna í tvennum lögum sem stofnunin hefur eftirlit með. Neytendastofa leggur til að stofnuninni verði veitt sátttaheimild og að ekki verði settar takmarkanir á heimild stofnunarinnar til að meta sjálfstætt hvort raunhæft sé að nota sátttaumleitan við úrlausn mála.

#### 4.2. Afstaða ráðuneytisins.

Ráðuneytið tekur ekki undir afstöðu Neytendastofu til 6. gr. frumvarpsins og telur að lýsing stofnunarinnar á meginreglunni um sátttaumleitan í löggjöf á öðrum Norðurlöndum sé ekki eins nákvæm og kostur er.

Ráðuneytið bendir á að í norsku markaðssetningarlögunum (no. Lov om kontroll med markedsføring og avtalevilkår mv. (markedsføringsloven)) er kveðið á um að eftirlitsstofnunin Forbrukertilsynet taki sjálf stjórnvaldsákvæðanir um bann, fyrirmæli, dagsektir og sektir í málum. Stjórnvaldsákvæðunum Forbrukertilsynet er hægt að áfrýja til áfrýjunarnefndar, Markedsrådet. Í 36. gr. norsku markaðssetningarlögunum er jafnframt kveðið á um meginreglu um sátttaumleitan (no. forhandlingsmodellen). Rétt er að benda á í þessu samhengi að norsku markaðssetningarlögunum var breytt árið 2017. Með breytingalögunum var heiti norsku eftirlitsstofnunarinnar breytt úr Forbrukerombudet í Forbrukertilsynet og henni veittar heimildir til að taka sjálf stjórnvaldsákvæðanir sem unnt er að áfrýja til áfrýjunarnefndar. Í frumvarpi til breytingalaganna kom fram að verið væri að færa eftirlitið í átt að fyrirkomulagi eftirlits Neytendastofu á Íslandi. Í frumvarpinu var aftur á móti einnig lögð áhersla á að viðhalda meginreglunni um sátttaumleitan í starfi Forbrukertilsynet sem hafi reynst vel í framkvæmd.

Ráðuneytið bendir einnig á að jafnvel þótt danska, finnska og sænska eftirlitsstofnunin þurfi almennt að leita til dómstóla við beitingu eftirlitsheimilda sinna þá hafa stofnanirnar einnig heimildir til að taka sjálfar ákvæðanir í ákveðnum tegundum mála. Samkvæmt 28. gr. sænsku markaðssetningarlaganna (s. Marknadsföringslagen) getur Konsumentombudsmannen tekið ákvæðanir sjálfur um bann, fyrirmæli og dagsektir í einfaldari málum. Samkvæmt 2.-5. mgr. 32. gr. dönsku markaðssetningarlaganna getur Forbrugerombudsmanden gefið fyrirmæli í málum þar sem um skýr brot er að ræða og háttseminni verður ekki breytt með sátttaumleitan og getur aðili máls kært fyrirmælin til dómstóla. Samkvæmt 10. gr. finnsku laganna um Samkeppnis- og neytendaeftirlitið (s. Lag om Konkurrens- och konsumentverket) getur Konsumentombudsmannen tekið ákvæðanir um bann, bráðabirgðabann og dagsektir í einfaldari málum. Í öllum lögum er jafnframt kveðið á um meginregluna um sátttaumleitan.

Ráðuneytið telur rétt að benda á að tilgangur meginreglunnar um sátttaumleitan í norrænu markaðssetningarlögunum er ekki einungis að bæta upp fyrir að eftirlitsstofnanir hafi ekki sjálfar ákvörðunarvald líkt og ráða má af umsögn Neytendastofu. Tilgangurinn er einnig að spara tilkostnað stofnana og fyrirtækja, auka fyrirsjáanleika og fækka málum sem þarf að taka upp. Tilgangur meginreglunnar er auk þess að skapa sérstakan viðræðugrundvöll til að skýra og útfæra nánar með viðvarandi hætti hvað teljist til góðra viðskiptahátta. Meginreglan hefur þannig nán tengsl við efnisákvæði norrænu markaðssetningarlaganna sem innihalda matskenndar vísireglur um góða viðskiptahætti sem þarfnast skýringar og fyllingar. Þeim anga meginreglunnar sem snýr að útgáfu leiðbeininga er jafnframt ætlað færa nánari útfærslu góðra viðskiptahátta í sérstakan farveg í samráði við atvinnurekendur, starfsgreinasamtök og neytendasamtök. Með fyrirfram útgefnum leiðbeiningum til fyrirtækja er unnt að auka fyrirsjáanleika, fyrirbyggja óréttmæta viðskiptahætti og fækka málum.

Fyrirmynd ákvæðisins í 6. gr. frumvarpsins er 36. gr. norsku markaðssetningarlaganna um meginregluna um sátttaumleitan. Ástæða þess að stuðst er við norska ákvæðið sem fyrirmynd er að heimildir Forbrukertilsynet eru líkar heimildum Neytendastofu. Nái breytingarnar fram að ganga mun fyrirkomulag eftirlits Neytendastofu verða áþekkt fyrirkomulagi eftirlits Forbrukertilsynet í Noregi. Í

Þessu samhengi er jafnframt vert að benda á að í norska frumvarpinu til innleiðingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2394 er skylda lögbærs yfirvalds til að hafa yfir að ráða sáttaurræði talin uppfyllt með ákvæði 36. gr. norsku markaðssetningarlagna.

Ástæður þess að Neytendastofa er eina stofnunin þar sem lagt er til að lögfesta meginreglu um sáttaumleitan er í fyrsta lagi að Neytendastofa heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti á meðan flest hinna stjórnvaldanna heyra undir önnur ráðuneyti. Í öðru lagi þá liggur eftirlit Neytendastofu þvert á atvinnugreinar á meðan aðrar eftirlitsstofnanir sinna eftirliti með tilteknum atvinnugreinum eða tiltekinni starfsemi. Í þriðja lagi þá hefur Neytendastofa eftirlit með vísireglum og matskenndum lagaákvæðum um góða viðskiptahætti og vísast til umfjöllunar hér að ofan um mikilvægi þess að útfæra slíkar reglur.

Að því er varðar sérákvæði um sáttaheimildir í einstökum lögum sem Neytendastofa hefur eftirlit með þá er gert ráð fyrir að slík sérákvæði haldi gildi sínu.

Að öðru leyti eru ítrekuð þau sjónarmið sem fram koma í almennum athugasemdum í greinargerð frumvarpsins um meginregluna um sáttaumleitan og athugasemdum við 6. gr. frumvarpsins.

## **5. Ákvæði 7. gr. frumvarpsins.**

### *5.1. Umsagnir.*

#### *5.1.1. Umsögn Neytendastofu.*

Neytendastofa telur að skylda til samráðs við samtök fyrirtækja og neytenda geti takmarkað verulega möguleika stofnunarinnar til að gefa út leiðbeinandi reglur. Neytendastofa leggur til að ákvæðið verði orðað svo að samtökum verði gefið tækifæri til að koma að athugasemdum áður en reglur eru settar. Neytendastofa hafi á undanförunum árum gefið út sérstök fyrirmæli, leiðbeiningar og fleira sbr. 18. gr. laganna að undangengnu samráði við hagaðila hverju sinni. Verði ákvæðið orðað með þeim hætti sem Neytendastofa leggji til verði ákvæðið orðað eins og í dönsku markaðssetningarlögunum. Mikilvægt sé að heimildin til að setja leiðbeinandi reglur sé ekki takmörkuð t.d. ef ekki næst að ná fullu samkomulagi um innihald og markmið slíkra reglna.

### *5.2. Afstaða ráðuneytisins.*

Ráðuneytið tekur ekki undir afstöðu Neytendastofu. Ráðuneytið telur nauðsynlegt að kveðið sé á um skyldu til að ráðgast við samtök fyrirtækja og neytenda til að skapa rétta hvata við sameiginlega útfærslu reglnanna. Slíkt fyrirkomulag er betur til þess fallið að útfæra nánar hvað teljist til góðra viðskiptahátta á hverjum tíma. Aðkoma starfsgreinasamtaka að útfærslu reglnanna eykur líkurnar á að fyrirtæki sjái hag sinn í að fylgja þeim í framkvæmd. Verði aðkoman einungis í formi umsagnarréttar eins og Neytendastofa leggur til telur ráðuneytið hættu á að ákvæðið nái ekki tilgangi sínum. Í almennum athugasemdum frumvarpsins um leiðbeinandi reglur og athugasemdum í greinargerð við 7. gr. frumvarpsins kemur fram að Neytendastofa geti allt að einu gefið út almennar leiðbeiningar um góða viðskiptahætti á einstökum sviðum ef ekki næst samkomulag við samtök neytenda og fyrirtækja skv. ákvæði 7. gr. frumvarpsins.

Ráðuneytið tekur ekki undir umfjöllun Neytendastofu um 29. gr. dönsku Markedsföringsloven. Af ákvæðinu leiðir að viðmiðunarreglur (d. retningslinjer) verða ekki settar nema að undangengnum samningaviðræðum (d. „efter forhandling“). Ummæli í greinargerð með ákvæðinu styðja þá niðurstöðu.

Að öðru leyti eru ítrekuð þau sjónarmið sem fram koma í almennum athugasemdum í greinargerð frumvarpsins um leiðbeinandi reglur og athugasemdum við 7. gr. frumvarpsins.

## **6. Ákvæði 8. gr. frumvarpsins.**

### *6.1. Umsagnir.*

#### *6.1.1. Umsögn Neytendastofu.*

Neytendastofa telur að taka þurfi afstöðu til sérstakrar fjármögnunar vegna aðgerða skv. 8. gr. frumvarpsins.

#### *6.1.2. Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna.*

Hagsmunasamtök heimilanna telja að almenn skilyrði lögbanns í 1. tölul. 3. mgr. 24. gr. laga um

kyrrsetningu, lögbann, ofl. nr. 31/1990 komi í veg fyrir að kröfur um lögbann næðu fram að ganga sem byggja myndu á ákvæði 8. gr. frumvarpsins.

## 6.2. Afstaða ráðuneytisins til umsagna.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að lögbannsheimildinni verði sjaldan beitt. Vegna umsagnar Neytendastofu bendir ráðuneytið á að tekin verði afstaða um sérstaka fjármögnun slíkra aðgerða eftir atvikum hverju sinni.

Vegna umsagnar Hagsmunasamtaka heimilanna bendir ráðuneytið á að skv. a.lið 8. gr. er lagt til að Neytendastofa geti leitað lögbanns til að vernda heildarhagsmuni neytenda enda sé fullnægt öðrum skilyrðum lögbanns, sem greind eru í lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl. Með 1. mgr. ákvæðisins er lagt til að vikið verði frá því skilyrði lögbanns að sá einn sem á beinna lögvarinna hagsmuna að gæta geti krafist slíks banns. Bent er á að kanna þarf í hverju máli fyrir sig hvort atvik séu með þeim hætti að skilyrði 1. tölul. 3. mgr. 24. gr. laga um kyrrsetningu, lögbann, ofl. nr. 31/1990 séu uppfyllt. Þannig þyrfti að meta hvort heildarhagsmunir neytenda séu nægilega tryggðir með réttarreglum um refsingar eða skaðabætur. Ráðuneytið bendir á í þessu samhengi að lögbann hefur verið lagt á og verið staðfest fyrir dómi á grundvelli svipaðra sérákvæða um lögbann. Hér má nefna 59. gr. a. höfundalaga nr. 73/1972, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 33/2017 og 25/2017.

Ráðuneytið bendir á að við ritun frumvarpsins var lögð áhersla á að nýta svigrúm til að setja ströng skilyrði fyrir beitingu lögbanns skv. ákvæðinu og bendir á að í 19. lið aðfararorða reglugerðarinnar segir að aðildarríkjunum ætti að vera frjálst að setja skilyrði fyrir og takmarkanir á beitingu valdheimilda í landslögum, í samræmi við lög Sambandsins. Lagaákvæðið er útfært með áþekktum hætti og gert er í norska frumvarpinu, meðal annars að því er varðar að önnur skilyrði lögbanns þurfi að vera uppfyllt.

Þá skal bent á að á vegum Evrópusambandsins er unnið að gerð tilskipunar sem mun fella úr gildi tilskipun 2009/22/EB (e. Proposal for a Directive of the European Parliament and of the Council on representative actions for the protection of the collective interests of consumers, and repealing Directive 2009/22/EC. COM/2018/0184 final - 2018/089 (COD)). Gera má ráð fyrir að tilskipunin verði tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið sem myndi leiða til þess að taka þyrfti lög um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda nr. 141/2001 til heildarendurskoðunar.

## 6.3. Fyrirspurn Allsherjar- og menntamálanefndar.

Á fundi allsherjar- og menntamálanefndar 3. desember 2019 óskaði nefndin eftir upplýsingum frá ráðuneytinu um framkvæmd þegar aflétta eigi lögbanni og útskýringar á þörf fyrir ákvæði b-liðar 25. gr. a. sem lögð er til í a-lið 8. gr. frumvarpsins.

## 6.4. Svör ráðuneytisins.

### 6.4.1. Aflétting lögbanns.

Það er meginregla að mál til staðfestingar lögbanni þurfi alltaf að höfða í kjölfar lögbannsgerðarinnar, sbr. 36. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann o.fl. nr. 33/1990. Undantekninguna er að finna í 1. mgr. 36. gr. um að ekki þurfi að höfða staðfestingarmál ef gerðarþoli hefur lýst yfir við gerðina að hann uni við hana án málshöfðunar. Ef mál er ekki höfðað, því er vísað frá dómi eða það er hafið með samkomulagi aðila þá fellur lögbannið sjálfkrafa úr gildi með þeim hætti sem lýst er í 39. gr. laganna.

Í staðfestingarmáli þarf að meginstefnu að leysa úr tveimur álitaefnum. Annars vegar hvort skilyrði gerðarinnar hafi verið uppfyllt og hvort hún hafi verið réttilega framkvæmd. Hins vegar er dæmt um efnisleg réttindi gerðarbeiðandans sem gerðinni er ætlað að tryggja. Með efnislegum réttindum er átt við hvort gerðarbeiðandi hafi átt þann lögvarða rétt sem lagt var lögbann við röskun á.

Um heimildir til endurupptöku lögbanns er kveðið á um í 2. mgr. 31. gr. laganna. Lögbann er heimilt að endurupptaka í eftirtöldum tilvikum:

- a. Ef aðilar eru sammála um það eða ef skila á tryggingu skv. 5. mgr. 30. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr.
- b. Ef gerðarbeiðandi vill falla frá réttindum sínum, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 22. gr.

- c. Ef gerðarþoli vill setja tryggingu til að fá gerð sem hefur þegar farið fram að einhverju leyti eða öllu leyti, fellda niður, sbr. 2. tölul. 3. mgr. 22. gr.
- d. Ef krafa gerðarbeiðanda er fallin niður, gerðarþoli hefur verið sýknaður í dómsmáli af kröfu hans eða staðfestingarmál hefur ekki verið höfðað innan frests, skv. 36.-38. gr., enda þyki gerðarþoli hafa hagsmuni af því að gerðin sé endurupptekin af þeim sökum, sbr. 3. tölul. 3. mgr. 22. gr.
- e. Ef gerðarbeiðandi heldur ekki fram dómsmáli til staðfestingar með eðlilegum hraða, sbr. 3. tölul. 3. mgr. 22. gr.
- f. Þriðji maður getur krafist endurupptöku ef hann telur lögbann fara í bágu við rétt sinn, enda hafi hann ekki átt kost á að koma fram mótmælum gegn henni þegar á henni stóð, sbr. 4. mgr. 22. gr.

#### 6.4.2. Krafa um að fjarskiptafyrirtæki takmarki aðgang að netskilfleti.

Í staflíðum i.-iii. í g-lið 4. mgr. 9. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2394 er kveðið á um að ef engin önnur skilvirk leið er fyrir hendi til að stöðva eða banna brot sem heyrir undir reglugerðina og til að forðast það að heildarhagsmunir neytenda bíði alvarlegan skaða skuli lögbært yfirvald hafa: (i) heimild til að fjarlægja efni af eða takmarka aðgang að netskilfleti eða fyrirskipa að birt sé skýr viðvörðun til neytenda þegar þeir fara inn á netskilflöt, (ii) heimild til að fyrirskipa hýsingaraðila að fjarlægja, gera óvirkan eða takmarka aðgang að netskilfleti, (iii) eða eftir því sem við á, heimild til að fyrirskipa skráningaraðilum eða skráningarmiðlum léna að eyða fullgildu lénsheiti og heimila hlutadeigandi lögbæru yfirvaldi að skrá það. Í lok g-liðar 4. mgr. 9. gr. segir: „[...]“, þ.m.t. að fara fram á að þriðji aðili eða annað opinbert yfirvald framkvæmi slíkar ráðstafanir.“ Lokamálsliður g-liðar gildir þannig um alla þrjá staflíði ákvæðisins.

Þrjár meginástæður eru fyrir því að lagt er til í frumvarpinu að lögbanni verði beint að fjarskiptafyrirtækjum til að takmarka aðgang að netskilfleti. Í fyrsta lagi þurfa heimildir skv. staflíðum i.-iii. í g-lið 4. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar að ná til þriðju aðila. Þriðju aðilar í þessu samhengi geta t.d. verið fjarskiptafyrirtæki, þjónustuveitendur eða skráningaraðila léna. Í öðru lagi er hætt á að lögbann sem beinist einvörðungu að hinum brotlega ná ekki tilgangi sínum, þ.e. til að stöðva brotið. Hinn brotlegi getur verið óþekktur eða ósamvinnuþýður og lögbann gegn honum einum myndi ekki ná tilgangi sínum. Því er brýnt að lögbann geti beinst að þeim sem getur stöðvað háttsemina. Úrræðið sem lagt er til í a-lið 8. gr. frumvarpsins er frávik frá þeirri meginreglu að valdheimildum stjórnvalda sé beint að hinum brotlega. Undantekningar frá þeirri meginreglu má hins vegar finna í lögum. Hér má nefna ákvæði 2. mgr. 59. gr. höfundalaga nr. 73/1972 sem kveður á um lögbann megi leggja við því að þjónustuveitandi miðli gögnum sem þjónustuþegi lætur í té um fjarskiptanet óháð því hvort þjónustuveitandi ber ábyrgð á efninu. Í þriðja lagi bendir ráðuneytið á að til staðar þurfa að vera mismunandi úrræði sem henta hverju sinni til að unnt sé að stöðva brot með þeim hætti sem kveðið er á um í 4. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar. Það er t.d. ekki tryggt að þjónustuveitandi geti beitt lénsheitakerfissíu (e. DNS-blocking) eða IP-tölu síu (IP-adress blocking) eða innihaldssíu til að stöðva eða takmarka aðgang að netsíðu. Það eru fjarskiptafyrirtækin sem bjóða neytendum netþjónustu og hafa þau því einnig tæknilega getu til að takmarka þá þjónustu. Af þeim sökum er lagt til í að fjarskiptafyrirtæki geti ef þörf krefur verið gerðarþolar skv. ákvæðinu.

Ákvæðið er að norskri fyrirmynd og byggir að nokkru á tillögu að nýrri 43. gr. norsku markaðssetningarlaga í I. kafla norska frumvarpsins (sjá: Prop. 8 LS (2019–2020) 2019–2020 Endringer i markedsføringsloven mv. (gjennomføring av forordning (EU) 2017/2394 om forbrukervernsamarbeid) og samtykke til godkjenning av EØS-komiteens beslutning nr. 172/2019 av 14. juni 2019 om innlemmelse i EØS-avtalen av forordning (EU) 2017/2394).

Ef ekki væri kveðið á um að lögbann gæti beinst að fjarskiptafyrirtækjum telur ráðuneytið hættu á að ákvæðið teldist ekki rétt innleitt og að það næði ekki tilgangi sínum.

## 7. Ákvæði 12. gr. frumvarpsins.

### 7.1. Umsagnir.

#### 7.1.1. Umsögn Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við 12. gr. frumvarpsins en bendir á þörf fyrir almennar

breytingar á 20. gr. laga um fjarsölu á fjármálaþjónustu nr. 33/2005. Meðal annars er bent á að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með öllum aðilum sem hafa með höndum fjarsölu á fjármálaþjónustu. Almennt eftirlit með sumum þeirra sé hins vegar ekki á hendi Fjármálaeftirlitsins heldur á hendi Neytendastofu. Leggur Fjármálaeftirlitið til að eftirlitinu verði skipt á milli Fjármálaeftirlitsins og Neytendastofu í samræmi við almennt eftirlitshlutverk.

#### *7.2. Afstaða ráðuneytisins.*

Ráðuneytið leggst gegn breytingunni að svo stöddu og telur að tillaga Fjármálaeftirlitsins þarfnist nánari greiningar áður en gerðar verði breytingar á 20. gr. laga um fjarsölu á fjármálaþjónustu nr. 33/2005. Ráðuneytið telur rétt að benda á að við ritun frumvarpsins var talið rétt að fordást þá stöðu að frumvarpið yrði vettvangur fyrir óskir stjórnvalda sem heyra undir önnur ráðuneyti um breytingar á atríðum sem ekki tengjast innleiðingunni með beinum hætti. Ráðuneytið telur að fjármála- og efnahagsráðuneytið geti tekið sjónarmið Fjármálaeftirlitsins til skoðunar og eftir atvikum metið tilefni til breytinga á lögum um fjarsölu á fjármálaþjónustu nr. 33/2005.

### **8. Ákvæði 13. gr. frumvarpsins.**

#### *8.1. Umsagnir.*

#### *8.2. Umsögn Fjármálaeftirlitsins.*

Fjármálaeftirlitið telur að erfitt verði að beita úrræðinu sem lagt er til í a-lið 13. gr. frumvarpsins í framkvæmd og að breyta þurfi lögum og/eða reglum um þjóðskrá svo unnt verði að gefa út nöfn og kennitölur sem unnt verði að nýta til að framkvæma profukaup. Þá leggur Fjármálaeftirlitið til að seljanda verði skylt að endurgreiða Fjármálaeftirlitinu vegna profukaupa.

Fjármálaeftirlitið telur að ákvæði b-liðar 13. gr. um bráðabirgðaákvæðanir eigi að eiga við um takmörkun eða fjarlægingu efnis af netskilfleti eða birtingu viðvörunar á netskilfleti.

Fjármálaeftirlitið telur að sáttaúrræði í 13. gr. c. sé ekki í samræmi við aðrar sáttaheimildir og framkvæmd Fjármálaeftirlitsins við beitingu þeirra og að gera þurfi breytingar á viðurlagakafla laga um fjarsölu á fjármálaþjónustu nr. 33/2005 og gerir tillögur að breytingum í umsögn sinni.

#### *8.3. Afstaða ráðuneytisins.*

Ráðuneytið telur að ákvæðið um profukaup ætti að vera almennt orðað og veita stjórnvaldinu almenna heimild til profukaupa undir fölsku nafni eða auðkenni. Profukaup undir fölsku nafni og auðkenni krefjast þess hins vegar óhjákvæmilega að gefnar séu upp rangar upplýsingar um kaupandann. Til dæmis kann sú staða að koma upp að kaupandi þurfi að gefa upp kennitölu. Í íslenskum rétti er ekki heimild fyrir stjórnvöld til að nota tilbúna kennitölu í samskiptum við borgarann í þessum tilgangi. Heimildin kann því að takmarkast í framkvæmd af þeim röngu upplýsingum sem stjórnvaldið getur notað hverju sinni. Ráðuneytið telur að með innleiðingu almennrar heimildar líkt og gert er í frumvarpinu sé ákvæði d-liðar 3. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar rétt innleitt. Ef lögfest yrði heimild til stjórnvalda til að nota tilbúna kennitölur myndu notkunarmöguleikar heimildarinnar hins vegar víkka með samsvarandi hætti. Þá telur ráðuneytið að betur fari á að Fjármálaeftirlitið geti krafist endurgreiðslu í stað þess að skylda til endurgreiðslu stofnist samkvæmt lagaákvæðinu. Það er þá á forræði stofnunarinnar að ákveða hvort endurgreiðslu sé krafist.

Ráðuneytið telur með vísan til réttaröryggis- og tjáningarfrelsisráðgjafarmála að betur fari á að innleiða ákvæði g-liðar 4. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar með lögbannsráðgjafarmála. Það fer gegn meginsjónarmiði frumvarpsins ef Fjármálaeftirlitið ætti sjálft að geta tekið stjórnvaldsákvæðanir um að takmarka eða taka niður efni af netsíðum. Þá bendir ráðuneytið á að jafnvel þótt rætt sé um bráðabirgðaráðstafanir í 14. lið aðfararorða reglugerðarinnar þá er heimild a-liðar 4. mgr. 9. gr. sjálfstæð heimild. Af þeim sökum er lagt til í frumvarpinu að Fjármálaeftirlitið hafi heimild til að taka bráðabirgðaákvæðanir. Fjármálaeftirlitinu bæri að beita heimildinni í samræmi við aðrar almennar heimildir sem stofnunin hefur samkvæmt lögum um fjarsölu á fjármálaþjónustu nr. 33/2005. Að öðru leyti ítrekar ráðuneytið þau sjónarmið sem fram koma í almennum athugasemdum um lögbannsráðgjafið og bráðabirgðaákvæðanir og athugasemdum í greinargerð við 7. gr. og 8. gr. frumvarpsins.

Ráðuneytið tekur undir athugasemdir Fjármálaeftirlitsins um sátttaheimild og viðeigandi breytingar á viðurlagakafla laga um fjarsölu á fjármálaþjónustu. Ráðuneytið er ekki mótfallið þeim breytingum sem Fjármálaeftirlitið gerir tillögu að í 21.-24. gr. laganna eftir því sem við á. Afstaða ráðuneytisins er með fyrirvara um tillögur Fjármálaeftirlitsins um breytingar á eftirlitshlutverki sem lýst er í kafla 7. í minnisblaði þessu.

## 9. Ákvæði 14. og 15. gr. frumvarpsins.

### 9.1. Umsagnir.

#### 9.1.1. Umsögn Fjölmiðlanefndar.

Fjölmiðlanefnd telur tilefni til að útvíkka 1. mgr. c-liðar 14. gr. frumvarpsins þannig að ákvæðið taki til IV. og V. kafla laga um fjölmiðla nr. 38/2011. Ákvæðið nái annars ekki tilgangi sínum og ekki heldur reglugerðin. Fjölmiðlanefnd telur að ákvæði um prufukaup geti hentað öðrum stjórnvöldum á borð við Neytendastofu og að útfæra þurfi betur heimild til prufukaupa. Erfitt sé að sjá hvernig ákvæðið yrði notað í framkvæmd.

Fjölmiðlanefnd telur einnig erfitt að sjá hvernig ákvæði um úrbætur til handa neytendum í b-lið 15. gr. frumvarpsins geti átt við um fjölmiðlanefnd. Slíkt ákvæði gæti hentað öðrum stjórnvöldum á borð við Neytendastofu. Erfitt sé að sjá hvernig neytendur, sem orðið hafa fyrir áhrifum af brotum gegn VI. kafla laganna, geti fengið sérstakar úrbætur aðrar en þær að fjölmiðlar láti af brotum, fjarlægji brotlegt efni eða merki það með viðunandi hætti.

Fjölmiðlanefnd telur að lögbannsræði vegna stafræns efnis í c-lið 15. gr. frumvarpsins falli illa að hlutverki stofnunarinnar og telur að betur fari á að fjölmiðlanefnd gæti falið Neytendastofu að beiðast lögbanns fyrir hönd Fjölmiðlanefndar og að samstarf stofnanna yrði útfært í samstarfssamningi.

### 9.2. Afstaða ráðuneytisins.

Ráðuneytið bendir á að við ritun frumvarpsins var lagt til grundvallar að einungis yrði unnt að beita valdheimildunum í málum sem varða neytendaverndarákvæði þeirra reglugerða og tilskipana sem taldar eru í viðauka reglugerðarinnar. Í tilfelli fjölmiðlanefndar eru það ákvæði VI. kafla laga um fjölmiðla sem eru neytendaverndarákvæði laganna og falla undir reglugerðina. Talið var rétt að leggja þetta meginsjónarmið til grundvallar þar sem frumvarpið spannar valdheimildir sjö mismunandi stjórnvalda í tíu mismunandi lögum á sviði neytendaverndar sem sumar hverjar geta verið íþyngjandi fyrir eftirlitsskylda aðila. Þá var talið rétt að fordast þá stöðu að frumvarpið yrði vettvangur fyrir óskir stjórnvalda sem heyra undir önnur ráðuneyti um breytingar á atriðum sem ekki tengjast innleiðingunni með beinum hætti. Ráðuneytið telur að mennta- og menningarmálaráðuneytið geti við heildarendurskoðun laga um fjölmiðla tekið til athugunar sjónarmið Fjölmiðlanefndar um að ákvæðið ætti að taka til IV. og VI. kafla laganna.

Ráðuneytið tekur ekki undir afstöðu Fjölmiðlanefndar um að ákvæði 1. mgr. c-liðar 14. gr. frumvarpsins nái ekki tilgangi sínum. Í 2. mgr. 12. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 segir að fjölmiðlanefnd geti við rannsókn ætlaðra brota gegn þeim ákvæðum VI. kafla er varða viðskiptabod og fjarkaup gert nauðsynlegar athuganir á starfsstöð fjölmiðlaveitu eða stað þar sem gögn eru varðveitt þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn umræddum ákvæðum. Við framkvæmd aðgerða skuli fylgja ákvæðum laga um meðferð sakamála um leit og hald á munum. Í c. lið 14. gr. frumvarpsins er lagt til að við 12. gr. bætist ný málsgrein, 3. mgr., sem orðist svo: „Fjölmiðlanefnd getur með sömu skilyrðum og í 1. mgr. krafist einstaklinga, lögaðila og stofnanir um skriflegar upplýsingar og gögn vegna ætlaðra brota gegn VI. kafla er varða viðskiptabod og fjarkaup.“ Fjölmiðlanefnd gæti á grundvelli ákvæðisins krafist alla þá sem fjölmiðlanefnd nefnir í umsögninni um upplýsingar og gögn vegna ætlaðra brota gegn VI. kafla laganna. Að því sögðu fellst ráðuneytið á að þörf sé á að breyta a. lið 1. mgr. 53. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 þannig að ákvæðið nái einnig til einstaklinga og lögaðila skv. nýrri 3. mgr. 12. gr. laganna sem lögð er til í frumvarpinu. Slík breyting er nauðsynleg til að gæta samræmis og til að fjölmiðlanefnd geti beitt dagsektum þegar einstaklingar eða lögaðilar neita að afhenda gögn vegna ætlaðra brota gegn VI. kafla laganna.

Að því er varðar athugasemdir fjölmiðlanefndar við ákvæði 14. gr. um prufukaup undir fólsku nafni og auðkenni vísast til umfjöllunar í kafla 8.3. í minnisblaðinu.



Ráðuneytið tekur ekki undir athugasemdir fjölmiðlanefndar um lögbannsúræði vegna stafræns efnis í c-lið 15. gr. frumvarpsins. Ráðuneytið bendir á að fjölmiðlanefnd hefur fleiri hlutverk samkvæmt lögum um fjölmiðla en að standa vörð um tjáningarfrelsi. Hér má t.d. benda á að fjölmiðlanefnd skuli stuðla að því að markmiðum og tilgangi laganna sé náð, sbr. 1. mgr. 10. gr. og fylgjast með því að fjölmiðlaveitur fari að fyrirmælum laganna, taka ákvarðanir í málum samkvæmt þeim og beita viðurlögum þegar við eigi, sbr. a. lið 2. mgr. 10. gr. laganna. Þegar höfð er hliðsjón af þessum hlutverkum telur ráðuneytið að lögbannsúræðið falli að eftirliti fjölmiðlanefndar með neytendaverndarákvæðum VI. kafla laganna. Í g-lið 4. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að ef engin önnur skilvirk leið er fyrir hendi til að stöðva eða banna brot sem heyrir undir reglugerðina og til að forðast það að heildarhagsmunir neytenda bíði alvarlegan skaða skuli lögbært yfirvald hafa heimild til að fjarlægja efni af eða takmarka aðgang að netskilfleti eða fyrirskipa að birt sé skýr viðvörðun til neytenda þegar þeir fara inn á netskilflöt, heimild til að fyrirskipa hýsingaraðila að fjarlægja, gera óvirkan eða takmarka aðgang að netskilfleti, eða eftir því sem við á, heimild til að fyrirskipa skráningaraðilum eða skráningarmiðlunum léna að eyða fullgildu lénsheiti og heimila hlutadeigandi lögbæru yfirvaldi að skrá það, þ.m.t. að fara fram á að þriðji aðili eða annað opinbert yfirvald framkvæmi slíkar ráðstafanir. Ráðuneytið bendir á að jafnvel þótt unnt væri að útfæra lögbannsheimildina með þeim hætti að öðru stjórnvaldi yrði falið að fara með framkvæmd þess fyrir hönd fjölmiðlanefndar breytir það ekki því að fjölmiðlanefnd þarf sem lögbært yfirvald að hafa heimildina skv. c-lið 15. gr. reglugerðarinnar. Ráðuneytið telur að það væri til þess fallið að auka flækjustig og draga úr skilvirkni að fela öðru stjórnvaldi að fara með framkvæmd valdheimilda annarrar stofnunar.

Ráðuneytið tekur ekki undir þá afstöðu fjölmiðlanefndar að sáttaheimild um úrbætur til handa neytendum vegna brota gegn VI. kafla laga um fjölmiðla nr. 38/2011 geti ekki átt við um fjölmiðlanefnd. Ráðuneytið bendir á að í c-lið 4. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar er gerð krafa um að lögbær yfirvöld hafi heimild til að fá frá seljanda, að frumkvæði hans, viðbótarskuldbindingar um úrbætur fyrir neytendur sem meint brot, sem heyrir undir reglugerðina, hefur haft áhrif á eða, eftir því sem við á, til að leitast eftir að fá frá seljanda skuldbindingar um að bjóða neytendum, sem orðið hafa fyrir áhrifum af brotinu, úrlausn við hæfi. Í 17. lið aðfararorða reglugerðarinnar segir að á meðal slíkra úrbóta geti t.d. verið viðgerð, skipti, verðlækkun, uppsögn sammings eða endurgreiðsla þess verðs sem greitt var fyrir vöruna eða þjónustuna, eftir því sem við á, til að draga úr neikvæðum afleiðingum brots, sem heyrir undir reglugerðina, fyrir viðkomandi neytanda í samræmi við kröfur laga Sambandsins. Þetta ætti ekki að hafa áhrif á rétt neytandans til að leita úrlausnar sinna mála eftir viðeigandi leiðum. Lögbær yfirvöld ættu, eftir atvikum, að upplýsa neytendur, sem halda því fram að þeir hafi orðið fyrir tjóni vegna brots sem heyrir undir reglugerðina, um það hvernig þeir geti farið fram á bætur samkvæmt landslögum. Ráðuneytið bendir á að með reglugerðinni er gagngert verið að bæta við einkaréttarlegum afleiðingum vegna brota gegn neytendaverndarákvæðum þeirra Evrópugerða sem undir hana heyra. Dulin viðskiptaboð, ólögmætar vöruinnsetningar, kostun, sýndarauglýsingar og hvatning til barna um tiltekna kauphegðun eru viðskiptahættir sem geta leitt til þess að neytendur taki ákvörðun um viðskipti sem þeir hefðu annars ekki tekið. Ekki er útilokað að atvikum verði þannig háttáð að rétt sé að gera sátt við málsaðila um einkaréttarlegar ráðstafanir til að draga úr neikvæðum afleiðingum brota af því tagi. Ráðuneytið getur tekið undir þau sjónarmið að slík tilfelli kunni að vera sjaldgæf í framkvæmd. Engu að síður telur ráðuneytið óljóst hvers vegna heimildin ætti ekki að vera á hendi fjölmiðlanefndar. Í öllu falli er fjölmiðlanefnd skylt að hafa heimildina sem lögbært yfirvald samkvæmt reglugerðinni.

Um aðrar athugasemdir í umsögn fjölmiðlanefndar er vísað til frumvarpsins og stefnumótunarhlutverks mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

## **10. Aðrar athugasemdir.**

### *10.1. Umsögn Neytendastofu.*

Neytendastofa telur að hækka þurfi hámark sektarfjárhæða skv. lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 til að gæta samræmis við sektarfjárhæðir sérlaga sem stofnunin hefur eftirlit með.

#### *10.2. Umsögn fjölmiðlanefndar.*

Fjölmiðlanefnd bendir á að engar almennar heimildir sé að finna í lögum um fjölmiðla um samstarf við innlenda og erlenda aðila. Mikilvægt sé að skoða nauðsyn þess að setja almennt ákvæði sem heimili fjölmiðlanefnd að vera í samstarfi við innlenda og erlenda aðila og deila með þeim trúnaðarupplýsingum.

#### *10.3. Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna.*

Hagsmunasamtök heimilanna telja að lögfesta beri heimildir fyrir samtök á sviði neytendaverndar til að skjóta viðskiptaháttum fyrirtækja til stjórnvalds sem er til þess bært að úrskurða í þeim. Samtökin hafi látið reyna á slíkt hjá Neytendastofu og áfrýjunarnefnd neytendamála en erindum verði vísað frá vegna skorts á lögvörðum hagsmunum.

#### *10.4. Afstaða ráðuneytisins.*

Ráðuneytið tekur undir afstöðu Neytendastofu um þörf á endurskoðun sektarákvæðis laganna en telur endurskoðunina ekki tímabæra. Á vegum Evrópusambandsins er unnið að gerð tilskipunar sem mun fyrirsjáanlega hafa nokkur áhrif á sektarákvæði tilskipana á sviði neytendaverndar. Þar á meðal er tilskipun 2005/29/EB um óréttmæta viðskiptahætti. (e. Proposal for a Directive of the European Parliament and of the Council amending Council Directive 93/13/EEC of 5 April 1993, Directive 98/6/EC of the European Parliament and of the Council, Directive 2005/29/EC of the European Parliament and of the Council and Directive 2011/83/EU of the European Parliament and of the Council as regards better enforcement and modernisation of EU consumer protection rules. COM/2018/0185 final - 2018/090 (COD)). Gera má ráð fyrir að tilskipunin verði tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Óhjákvæmilegt er að sektarákvæði laganna verði endurskoðað við innleiðingu tilskipunarinnar í íslenskan rétt og sjónarmið Neytendastofu þar höfð til hliðsjónar.

Ráðuneytið tekur ekki undir þá afstöðu fjölmiðlanefndar að engar almennar heimildir til upplýsingaskipta eða samskipta við erlend stjórnvöld sé að finna í lögum um fjölmiðla nr. 38/2011. Í kafla 3.6. í almennum athugasemdum frumvarpsins er bent á að fjölmiðlanefnd geti skv. 13. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 skipst á gögnum og upplýsingum við stjórnvöld á EES-svæðinu. Í 1. mgr. 13. gr. segir að fjölmiðlanefnd sé skylt að afhenda stjórnvöldum annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu, sem og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins eða, eftir því sem við á Eftirlitsstofnun EFTA, upplýsingar og gögn sem nauðsynleg þykja við framkvæmd laganna í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Í 2. mgr. 13. gr. segir jafnframt að við afhendingu upplýsinga og gagna skuli eftir því sem við eigi að setja sem skilyrði að: a. farið verði með upplýsingarnar og gögnin sem trúnaðarmál hjá þeim sem við tekur, b. upplýsingarnar og gögnin verði aðeins notuð í því skyni sem kveðið er á um í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og í samræmi við beiðni um upplýsingar, og c. upplýsingarnar og gögnin verði aðeins afhent öðrum með samþykki fjölmiðlanefndar og í þeim tilgangi sem kveðið er á um. Í athugasemdum við ákvæðið í greinargerð kemur meðal annars fram að ákvæðið hafi fyrst verið lögtekið með 7. gr. laga um breytingar á ýmsum lögum vegna samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd nr. 57/2007 sem innleiddu reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd. Ráðuneytið bendir á að reglugerðin er forveri þeirrar reglugerðar sem nú er lagt til að verði innleidd og kveður með hliðstæðum hætti á um samstarf og upplýsingaskipti stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu. Ákvæðið var lögfest til að tryggja þáttöku fjölmiðlanefndar í áþekku samstarfi. Í hinni nýju reglugerð eru ekki gerðar viðamiklar breytingar á kröfum til upplýsingaskipta og telur ráðuneytið því uppfylltar kröfur reglugerðarinnar um upplýsingaskipti stjórnvalda yfir landamæri. Þá bendir ráðuneytið á að sérstakar reglur um samstarf og upplýsingaskipti fjölmiðlanefndar við stjórnvöld á EES-svæðinu eru óþarfar. Í frumvarpi sem lagt er fram samhliða frumvarpinu (331. mál) er lagt til að ákvæði reglugerðarinnar verði tekin upp í íslenskan rétt með tilvísunaraðferð. Verði frumvarpið að lögum munu ákvæði reglugerðarinnar um samstarf og upplýsingaskipti lögbærra yfirvalda því gilda um fjölmiðlanefnd.

Að því er varðar umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna þá bendir ráðuneytið á að áfrýjunarnefnd

neytendamála hefur í nokkrum úrskurðum talið að Hagsmunasamtök heimilanna hafi ekki notið lögvarinna hagsmuna af úrlausn mála og kvörtunum verið vísað frá meðferð, sbr. úrskurði í málun nr. 5/2013, 12/2014 og 15/2014. Ráðuneytið bendir jafnframt á að í 1. mgr. 11. gr. tilskipunar um óréttmæta viðskiptahætti 2005/29/EB kemur fram að aðildarríkin skuli sjá til þess að fyrir hendi séu fullnægjandi og árangursrík úrræði til að berjast gegn óréttmætum viðskiptaháttum með það fyrir augum að tryggja samræmi við ákvæði tilskipunarinnar í þágu neytenda. Slíkar aðferðir skuli taka til ákvæða í lögum er heimili aðilum og samtökum, sem teljast hafa, samkvæmt landslögum, lögmeta hagsmuni í baráttunni gegn óréttmætum viðskiptaháttum, þ.m.t. samkeppnisaðilum að grípa til aðgerða skv. a- og b-lið 11. gr.